

Mál nr. 167/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Tjón á bifreið sem var ekið í stóran vatnspoll í undirgöngum á Rafstöðvarvegi 15.2.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.6.2016.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 10.6.2016.

Málsatvik.

M lýsir aðstæðum svo að hinn 15.2.2016 hafi hann ekið úr Ártúnsbrekku inn á Rafstöðvarveg. Í undirgöngum sem hann hafi þurft að fara um hafi ekki verið mikil lýsing og ók hann í stóran vatnspoll sem leiddi til tjóns á bifreið hans. Starfsmaður Reykjavíkurborgar hafi komið stuttu síðar til að losa um stíflu í niðurfalli og til að setja upp merkingar til að vara við hættu. M telur pollinn hafa myndast vegna vatnsflóðs í götunni og þannig falli tjón á bifreið hans undir gildissvið vátryggingarskilmála kaskótryggingar V. Þar er sérstaklega vísað til j-liðar gr. 4.1 í skilmálum þar sem komi fram að félagið bæti skemmdir á hinu vátryggða ökutæki sem verður af völdum aur- eða vatnsflóðs. M vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 172/2008 máli sínu til stuðnings og telur aðstæður í því máli sambærilegar við aðstæður sínar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að pollur sem myndast á götu með þessum hætti sé ekki aur- eða vatnsflóð í skilningi gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum og vísar um það til úrskurðar nefndarinnar í máli 132/2015 og telur aðstæður þar sambærilegar. M mótmælir því sérstaklega.

Álit.

Samkvæmt gr. j-lið 4.1 í skilmálum kaskótryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki vegna aur- eða vatnsflóðs. Vatnsagi á Rafstöðvarvegi vegna rigningarvatns virðist hafa myndað allstóran poll á götunni að öllum líkindum sökum þess að niðurföll hafa verið stífluð eða fráveitukerfi sveitarfélagsins hefur ekki annað því að koma vatni af götum. Þótt stór pollur, og eftir atvikum nokkuð djúpur, hafi myndast við þessar kringumstæður, var vatnið á sjálfri götunni þar sem ætíð má búast við nokkurri vatnssöfnum svo sem í rigningum. Er hér ekki um flóð að tefla í skilningi fyrrgreinds ákvæðis í skilmálum og aðstæður sambærilegar við þær aðstæður sem lýst er í máli nefndarinnar nr. 132/2015. Kaskótryggingin tekur því ekki til tjónsins. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.